

RÁÐGJAFARNEFND EES

Höfn, 25. júní 2006

ÁLYKTUN & SKÝRSLA um FRAMTÍÐ STEFNU UM HINA NORÐLÆGU VÍDD

Skýrslugjafi:

Filip HAMRO-DROTZ (Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna, Finnland/Hópur I
– Vinnuveitendur)

Wenche PAULSRUD (Ráðgjafarnefnd EFTA, Noregur/Stéttarfélög)

**ÁLYKTUN UM
FRAMTÍÐ STEFNU UM HINA NORÐLÆGU VÍDD**

Ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins

- A. með hliðsjón af annarri aðgerðaráætlun um hina norðlægu vídd 2004–2006 sem samþykkt var á fundi leiðtoga ráðsins sem haldinn var í Brussel 16.–17. október 2003,
 - B. vekur athygli á viðmiðunarreglum fyrir mótun stjórnmalalegrar yfirlýsingar og rammaskjals um stefnu um hina norðlægu vídd frá 2007 eins og samþykkt var samhljóða á ráðherrafundi um hina norðlægu vídd í Brussel hinn 21. nóvember 2005,
 - C. minnir á ályktanir sínar um hina norðlægu vídd Evrópusambandsins (DI38/2000 – C/20/R/006 frá 3. júlí 2000) og aðra aðgerðaráætlun um hina norðlægu vídd (DI CESE 84/2004 – tilv. nr. 1044051 frá 23. júní 2004),
 - D. minnir á fyrri álit ráðgjafarnefndar EFTA og efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna um hina norðlægu vídd og skyld málefni,
 - E. viðurkennir að lítið hefur borið á stefnu um hina norðlægu vídd fram til þessa,
 - F. minnir á hið nána samstarf milli EFTA og Evrópusambandsins, sem einnig hefur borið góðan árangur við undirbúning þessarar ályktunar,
 - G. viðurkennir mikilvægi stefnu um hina norðlægu vídd fyrir EFTA-ríkin innan EES,
1. fagnar nýjum viðmiðunarreglum og leggur áherslu á mikilvægi þess að þróa sameiginlega, varanlegri, metnaðarfulla, vel kynnta og vel uppbyggða stefnu fyrir hina norðlægu vídd, og komi hún í stað stefnu Evrópusambandsins sem byggist á skammtímaaðgerðaráætlunum; hin nýja stefna kallar á virka þátttöku stofnana Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna innan EES, ríkisstjórna, sveitarstjórna, aðila vinnumarkaðarins og borgaralegs samfélags í öllum viðkomandi löndum,
 2. styður að aukin áhersla verði lögð á að öll þáttökulöndin eigi „sameiginlega hlutdeild“ í hinni nýju stefnu og fagnar því sérstaklega að Rússland taki meiri þátt í vinnunni við viðmiðunarreglurnar og nýtt rammaskjal; afar áriðandi er að Rússland verði virkur samstarfsaðili í tengslum við nýja stefnu um hina norðlægu vídd og það sama gildir um önnur ríki á svæðinu sem eru ekki aðilar að Evrópusambandinu,
 3. undirstrikar mikilvægi þess að stefnan um hina norðlægu vídd verði höfuðviðfangsefni svæðisbundinnar samvinnu milli Evrópusambandsins og Rússlands;
 4. undirstrikar þýðingu stefnunnar um hina norðlægu vídd fyrir víðtækara samstarf Evrópuríkja og mikilvægi þess að fleiri aðilar komi að henni, m.a. aðildarríki Evrópusambandsins, en stefna þessi ætti að vera þeim jafn mikilvæg og löndunum á svæðinu sjálfu vegna aukins hlutverks sem svæðið gegnir í Evrópu og jafnvel á hnattræna vísu, til dæmis á sviði orkumála, flutninga á sjó og umhverfismála; án nauðsynlegrar viðurkenningar á mikilvægi stefnunnar um hina norðlægu vídd fyrir víðtækara samstarf Evrópuríkja gæti reynst erfitt að framfylgja stefnunni með góðum árangri,

5. fagnar áframhaldandi áherslu á samstarf yfir landamæri og undirstrikar þá þörf sem er fyrir nánari samræmingu á ýmsum stigum meðal evrópskra yfirvalda, landsyfirvalda, héraðsstjórna, yfirvalda innan svæða og sveitarstjórna, á grundvelli dreifræðisreglunnar og mikilvægi þess að auka samvirkni milli ólíkra hagsmunaaðila,
6. hvetur svæðisbundnar stofnanir á svæðinu til að auka samræmingu sín í milli og undirstrikar mikilvægi þessa samstarfs fyrir árangursríka framkvæmd hinnar nýju stefnu,
7. mælist til þess að komið verði á fót nýjum samstarfsverkefnum hins opinbera og einkaaðila um hina norðlægu vídd, t.d. á sviði orkumála og grunnvirkja/flutninga/vöruferilsstjórnunar, á grundvelli bestu starfsvenja við uppbyggingu samstarfsverkefna, t.d. á sviði umhverfismála, lýðheilsu og félagslegrar velferðar; hvað varðar orkumál ætti helst að leggja áherslu á sjálfbæra þróun þeirra náttúruauðlinda sem fyrir hendi eru, orkunýtingu og endurnýjanlegar orkuauðlindir ásamt öryggi í orkuflutningum,
8. undirstrikar þörfina á að auka upplýsingaflæði til almennings og fer þess á leit við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að upplýsingakerfi hinnar norðlægu víddar (NDSys) verði þróað áfram og að viðeigandi skrifstofa verði opnuð á ný á svæðinu sem upplýsingamiðstöð með ábyrgð á upplýsingaflæði og netsamræmingu; þetta gæti t.d. verið skrifstofa framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna í Pétursborg.
9. fagnar því að fjármögnun stefnu um hina norðlægu vídd verður einfaldari með tilkomu hins nýja, evrópska grannríkja- og samstarfssjóðs (European Neighbourhood Partnership Instrument), og fer þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún tryggi að nægt fé fái frá sjóðnum til verkefna og aðgerða hinnar norðlægu víddar og stjórnsýslu hennar,
10. hvetur til þess að leitað verði annarra alþjóðlegra og innlendra fjáröflunarleiða með afgerandi hætti til að hrinda stefnumálum hinnar norðlægu víddar í framkvæmd,
11. fer fram á raunhæft hlutverk fyrir samtök aðila vinnumarkaðarins og borgarasamtök á Evrópska efnahagssvæðinu í tengslum við stefnuna um hina norðlægu vídd; meginreglan um „sameiginlega hlutdeild“ ætti ekki einungis að gilda um ríki innan hinnar norðlægu víddar heldur alla hagsmunaaðila; þetta á við um öll einstök lönd innan hinnar norðlægu víddar, að Rússlandi meðtöldu,
12. biður um skýrara stofnanaskipulag fyrir samvinnu, samræmingu og samráð um hina norðlægu vídd, m.a. árlegan leiðtogafund og sameiginlega fastanefnd fyrir hina norðlægu vídd, með virkri þátttöku aðila vinnumarkaðarins, borgaralegs samfélags og staðbundinnar og svæðisbundinnar þátttöku; hin sameiginlega fastanefnd skal hafa eftirlit með því að stefnunni um hina norðlægu vídd sé framfylgt; í henni skal vera undirhópur fyrir borgaralegt samfélag og aðila vinnumarkaðarins; nefndin ætti einnig að fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum á hinum árlega leiðtogafundi, m.a. skal hún hafa möguleika á að leggja til ný framtaksverkefni og leggja fram tillögur við öll viðkomandi yfirvöld,
13. gerir tillögu um að öll viðkomandi yfirvöld nýti sér gildandi fyrirkomulag ráðgjafarnefndar EES til að koma á fundum með samtökum borgara og samtökum aðila vinnumarkaðarins í Rússlandi með því að mynda óformlega „ráðgjafarnefnd EES+1“ sem gæti komið saman í tengslum við ráðgjafarnefnd EES til að fjalla um framvinduna í samstarfi innan hinnar norðlægu víddar,
14. fer þess á leit við formennskuríkið Finnland í Evrópusambandinu að setja kraft í að móta nýja og varanlegri stefnu um hina norðlægu vídd frá 2007 og tryggja að í henni felist skýr stefnubreyting með meiri áherslu á sértækari og samræmdari aðgerðir,
15. fer þess á leit við EES-ráðið

- að setja framtíð hinnar norðlægu víddar fram á framkvæmdaáætlunina frá og með næsta fundi ráðsins í desember 2006, og hvetja þannig til þess að meiri áhersla verði lögð á þetta svæði í öllum EES-ríkjunum en ekki eingöngu þeim sem hafa beina tengingu við stefnuna um hina norðlægu vídd,
- að styðja átak efnahagslegra, félagslegra og stjórnmálalegra aðila á svæðinu við að koma á og efla tengsl sín yfir landamæri, auk þess að stuðla að þátttöku þeirra í verkefnum sem lúta að hinni norðlægu vídd.

16. lýsir yfir að ráðgjafarnefnd EES sé viðbúin því að leggja sitt af mörkum til aðgerðanna sem lagðar eru til í þessu skjali.

Viðauki: Skýrsla um framtíð stefnunnar um hina norðlægu vídd.

SKÝRSLA UM

FRAMTÍÐ STEFNUNNAR UM HINA NORÐLÆGU VÍDD

I INNGANGUR

1.1. Í ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins (ráðgjafarnefnd EES) eiga sæti fulltrúar frá öllum helstu hagsmunahópum hinna 28 EES-ríkja á sviði samfélags- og efnahagsmála. Nefndin er málsvari launþega, atvinnurekenda og annarra skipulagðra samfélagshópa í þessum löndum og er hluti af stofnanakerfi Evrópska efnahagssvæðisins.

1.2 Eftirfarandi ályktun og skýrsla um *Framtíð stefnunnar um hina norðlægu vídd* var samþykkt á 14. fundi ráðgjafarnefndar EES í Höfn á Íslandi hinn 25. júní 2006. Skýrslugjafar voru **Wenche Paulsrud** frá ráðgjafarnefnd EFTA og **Filip Hamro-Drotz** frá efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna.

1.3. Skrifstofa ráðgjafarnefndar EES ákvað í desember 2005 að undirbúa þessa ályktun þar sem ljóst var að stefnan um hina norðlægu vídd frá 2006 væri á þýðingarmiklu stigi þar sem annarri aðgerðaráætlun um hina norðlægu vídd var að ljúka og viðmiðunarreglur um hvernig best væri að þróa stefnuna frá 2007 nýútgefnar. Þar að auki tók skrifstofa ráðgjafarnefndar EES tillit til þess að stefnan um hina norðlægu vídd hefur sérstaka þýðingu ráð fyrir sérstakri þýðingu stefnunnar um hina norðlægu vídd fyrir EFTA-ríkin í EES, einkum ríkin í norðri. Ætlunin er að mynda sameiginlega stefnu um hina norðlægu vídd fyrir Evrópusambandið, Ísland, Noreg og Rússland.

1.4. Svæði hinnar norðlægu víddar er eitthvert það mest spennandi í Evrópu og framtíðarþróun þess er mikilvæg, ekki aðeins fyrir löndin á svæðinu sjálfu heldur fyrir allt Evrópusambandið, Evrópska efnahagssvæðið og Evrópu í heild sinni. Svæðið felur í sér augljós tækifæri til hagvaxtar, að hluta til tengd miklum auðlindum í Barentshafi og Eystrasalti; jafnframt er þörf fyrir langtímaáætlanir um sjálfbæra þróun og samstarf yfir landamæri vegna þess hve umhverfið er viðkvæmt, jafnframt að tekið sé fullt tillit til sérstakra eiginleika svæðisins, m.a. óska frumbyggja þess.

II STUTT FORSAGA HINNAR NORÐLÆGU VÍDDAR

2.1. Stefna Evrópusambandsins um hina norðlæga vídd var sett á fót árið 1999. Hin norðlæga vídd er hluti af stefnu Evrópusambandsins í samskiptum þess við önnur ríki, og er markmiðið með henni að auka velferð í norðurhluta Evrópu með svæðisbundnu samstarfi yfir landamæri. Hin norðlæga vídd tekur til Eystrasaltssvæðisins og norðurskautssvæðisins. Hin norðlæga vídd fellur inn í ramma samstarfssamningsins við Rússland og samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (EES – Noregur og Ísland). Eftir stækkun Evrópusambandsins hefur hin norðlæga vídd orðið til þess að samskipti við Rússland hafa aukist, einkum á svæðunum í norðvesturhluta Rússlands.

2.2. Tengsl Evrópusambandsins og Rússlands hafa styrkst með samþykktinni um hin „fjögur sameiginlegu svæði“. Í maí 2005 var samþykktur vegvísir um hvernig farið skyldi að því að koma á sameiginlegum svæðum. Vísað er til hinnar norðlægu víddar í vegvísunum Evrópusambandsins og Rússlands varðandi hin sameiginlegu svæði, einkum undir liðnum Sameiginlegt efnahagssvæði: „... Tekið verður tillit til framkvæmdar á aðgerðum undir liðnum Sameiginlegt efnahagssvæði, til forgangsverkefna sem eru tilgreind sameiginlega innan ramma svæðisbundinna stofnana og framtaksverkefna, s.s. Eystrasaltsráðsins, hinnar norðlægu víddar o.s.frv.“

2.3. Önnur aðgerðaráætlunin um norðlæga vídd ⁽¹⁾ öðlaðist gildi í janúar 2004. Áætlunin er til þriggja ára (2004–2006) og tekur til fimm forgangssviða: 1) atvinnulíf, viðskipti og grunnkerfi, 2) mannauður, menntun, vísindarannsóknir og heilbrigðismál, 3) umhverfismál, öryggismál varðandi kjarnorku og náttúruauðlindir, 4) samstarf yfir landamæri og byggðaþróun og 5) dóms- og innanríkismál. Einnig er sérstakur gaumur gefinn að Kalingrad og norðurskautssvæðinu. Eftirlit er haft með framkvæmd annarrar aðgerðaráætlunar um hina norðlægu vídd á ársgrundvelli og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gerir um hana framvinduskýrslu.

2.4. Ráðherrastefna um hina norðlægu vídd var haldin í nóvember 2005 í Brussel þar sem utanríkisráðherrar aðildarríkja Evrópusambandsins og samstarfslanda þeirra (Íslands, Noregs og Rússlands) samþykktu stjórnmalalegar viðmiðunarreglur fyrir framtíð stefnunnar um hina norðlægu vídd ⁽²⁾ og mynduðu sameiginlegan hóp til að gera drög að stjórnmalayfirlýsingu og rammaskjali í samræmi við þessar viðmiðunarreglur. Markmiðið er að hópurinn ljúki starfi sínu (grunntextanum) eigi síðar en í september 2006 og að síðar um haustið 2006 muni aðilarnir ákveða um framhald stefnunnar um hina norðlægu vídd á grundvelli þess texta.

2.5. Efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna hefur á síðustu árum lagt fram álit og skýrslur um hina norðlægu vídd árlega að beiðni Evrópusambandsins. Hún hefur einkum beint athyglinni að álit borgaralegs samfélags á og þátttöku í starfsemi sem tengist hinni norðlægu vídd. Einnig hefur ráðgjafarnefnd Evrópska efnahagssvæðisins áður skilað ályktunum um hina norðlægu vídd, fyrst árið 2000 og síðan árið 2004.

III MIKILL STUÐNINGUR FYRIR VARANLEGRI, VEL KYNNTA OG SAMEIGINLEGA STEFNU UM HINA NORÐLÆGU VÍDD

3.1. Norður-Evrópa þarf náið og marghliða svæðisbundið samstarf sem tekur einnig til ríkja á svæðinu sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu. Ráðgjafarnefnd EES telur að sameiginleg stefna Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands um hina norðlægu vídd, sem byggist á aðgerðum yfir landamæri og verkefnum er varða gagnkvæma hagsmuni, væri hagkvæm til að ná þessu markmiði. Marghliða samstarf kæmi til viðbótar því tvíhliða samstarfi sem fyrir er milli einstakra landa á svæðinu og milli Evrópusambandsins og einstakra landa. Aukið svæðisbundið samstarf í Norður-Evrópu mundi stuðla að stöðugleika, velferð og sjálfbærni þróun á svæðinu og í Evrópu allri.

3.2. Mikilvægt er að aðilar að hinni norðlægu vídd fallist á greinargóða, vel kynnta, öflugna stefnu, með traustri pólitískri skuldbindingu allra hagsmunaaðila. Ráðgjafarnefnd EES er fylgjandi því að varanlegri stefna komi í stað núverandi hugmynda að aðgerðaráætlanir þar sem öll áhersla væri lögð á framkvæmd samfelldrar aðgerðar fremur en að verja miklum tíma í að gera nýjar áætlanir á þriggja ára fresti.

3.3. Ráðgjafarnefnd EES styður þá hugmynd að hin norðlæga vídd verði aðaláhersluatriðið í norðri fyrir hin „fjögur sameiginlegu svæði“ Evrópusambandsins og Rússlands. Koma ætti á viðeigandi fyrirkomulagi til að tengja Ísland og Noreg í þessu tilliti, án þess að það stríði gegn EES-samningnum.

3.4. Hugmyndin að „sameiginlegri hlutdeild“ er afar þýðingarmikil og ætti að vera grundvallaratriðið í hinni nýju stefnu. Þau samstarfslönd sem ekki eru aðilar að Evrópusambandinu skulu, til samræmis við það, eiga fullgildan þátt í og möguleika á að taka þátt til jafns á við aðildarríki Evrópusambandsins í undirbúningi, framkvæmd og eftirliti með stefnunni um hina norðlægu vídd. Það verður einkum mikilvægt að Rússland verði virkur samstarfsaðili í tengslum við þessa nýju stefnu.

⁽¹⁾ Upplýsingar um aðra aðgerðaráætlun um hina norðlægu vídd eru á slóðinni: http://europa.eu.int/comm/external_relations/north_dim/ndap/com03_343.pdf

⁽²⁾ Viðmiðunarreglur um mótn stjórnmalalegrar yfirlýsingar og rammaskjal um stefnu fyrir hina norðlægu vídd frá 2007, DG E VI (14358/05 – I. viðauki)

Koma skal á skilvirkum en afdráttarlausum aðferðum fyrir samstarf, sameiginlegri fastanefnd og nauðsynlegum undirhópum með öflugri þátttöku aðila vinnumarkaðarins og borgaralegs samfélags.

3.5. Þar sem starfsemi hinnar norðlægu víddar felst oft í staðbundnum framtaksverkefnum er mikilvægt að sveitarfélög, héraðsstjórnir og ríkisstjórnir starfi saman með árangursríkum hætti að skipulagningu og framkvæmd hennar.

IV RÁÐLÖGÐ FORGANGSSVIÐ

Það er álit ráðgjafarnefndar EES að fimm fyrirliggjandi forgangssvið annarrar aðgerðaráætlunar um hina norðlægu vídd skuli vera grunnurinn að framtíðarstefnu um hina norðlægu vídd. Byggja skal á jákvæðri og hagnýtri reynslu sem hlýst af samstarfsverkefnum hins opinbera og einkaaðila í núverandi aðgerðaáætlun, einkum á sviði umhverfismála, og frekara samstarf þróað. Eftirfarandi svið eru í sérstökum forgangi:

4.1. Aukið samstarf á sviði umhverfismála og lýðheilsu

4.1.1. Ráðgjafarnefnd EES bendir á jákvæðan árangur fram til þessa dags að því er varðar samstarf innan hinnar norðlægu víddar á sviði umhverfismála. Mikilvægt er að efla áttak á þessu sviði í því augnamiði að draga hratt úr vatnsmengun í Eystrasalti og Finnlandsflóa og draga úr þeirri miklu hættu sem stafar af kjarnorkuúrgangi á Kólaskaga. Á Eystrasaltssvæðinu hafa gildi og áhrif hinnar norðlægu víddar í umhverfismálum einkum verið augljós í tengslum við vatnshreinsistöðina í Pétursborg. Annað forgangsatríði ætti að vera að draga úr hættu á slysum af völdum olíuflutningaskipa og hættunni sem tengist nýtingu olíuvinnslusvæða, auk þess að bæta öryggi í tengslum við kjarnorku og meðhöndlun kjarnorkuúrgangs.

4.1.2. Ráðgjafarnefnd EES fagnar einnig að samstarf sé hafið á sviði lýðheilsu og félagslegrar velferðar. Samstarfsaðilarnir skulu á þessu sviði einkum einbeita sér að því að draga úr smitsjúkdómum.

4.1.3. Ráðgjafarnefnd EES hvetur samstarfsaðila að hinni norðlægu vídd til að leggja nauðsynlegt áttak og fjármagn í að efla frekar samstarfið og verkefni á sviði umhverfismála og lýðheilsu (Northern Dimension Environmental Partnership (NDEP) og Northern Dimension Partnership in Public Health and Social Well-being (NDPHS)), og nota sérstaklega árangur á sviði umhverfismála og lýðheilsu sem bestu starfsvenjur fyrir samvinnuverkefni á nýjum sviðum.

4.2. Svæðisbundin grunnvirki, flutningar og vöruferilsstjórnun

4.2.1. Eitt markmið stefnunnar um hina norðlægu vídd er að auka efnahagssamvinnu á öllu svæðinu. Hagþróun ræðst af gagnlegum grunnvirkjum og netum sem auðvelda flutninga á vörum, einstaklingum og þjónustu yfir landamæri. Innlend landamæri hafa fram til þessa haft í för með sér aðskilin innanlandsflutningakerfi sem starfa samhliða. Mörg grunnvirkin hafa verið smíðuð til að mynda tengingar milli norðurs og suðurs, milli norðlægra svæða og höfuðborga. Það að látið hefur verið hjá líða að samræma flutningsáætlanir við nágrennalöndin hefur oft valdið óþarfa flöskuhálsum við landamærin. Afar þýðingarmikið er að halda áfram þeim verkefnum sem þegar eru hafin og byrja á öðru í því skyni að tengja betur vega- og járnbrautakerfi, að skapa flutningakerfi milli landa sem auðvelda skilvirka flutninga á vörum og einstaklingum og endurnýja vegi og landamærastöðvar.

4.2.2. Mikilvægt er að efla hlutverk Norður-Evrópu í tengslum við flutningakerfi alls staðar í Evrópu, m.a. að koma á samstarfi innan hinnar norðlægu víddar varðandi grunnvirki, flutninga og vöruferilsstjórnun. Þetta samstarf þarf þá að taka til flutninga á sjó og skapa þyrfti skilvirkari möguleika fyrir flutninga á sjó, m.a. aukna samvinnu milli hafnaryfirvalda og viðeigandi fyrirtækja á lands-, svæðis- og staðarvísu á öllu svæðinu. Auknir flutningar á sjó, að hluta vegna skilvirkari flutningaleiða og að hluta vegna aukinna flutninga á nýjum orkugjöfum, myndu skapa nýjan vanda í

umhverfi sem þegar er viðkvæmt fyrir og sýna þyrfti enn meiri viðleitni en nú er við höfð til að tryggja sjálfbærna þróun. Þeir mundu einnig fela í sér ný viðfangsefni fyrir þau yfirvöld sem bera ábyrgð á flutningaöryggi (t.d. strandgæslu) í einstökum löndum hinnar norðlægu víddar og þeir ættu einnig að stuðla að aukinni samvinnu á þessu sviði.

4.2.3. Leggja skal meiri áherslu á að styrkja grunnvirki á sviði fjarskipta og upplýsinga- og fjarskiptatækni, í því skyni að auka þjónustustarfsemi yfir landamæri, bæði einkafyrirtækja og hins opinbera, innan hinnar norðlægu víddar. Þetta er einkum mikilvægt á þeim hlutum svæðisins sem eru strjálbýlir og mikil fjarlægð er milli borga og viðskiptamiðstöðva.

4.2.4. Að lokum þarf nýjan samstarfsgrundvöll fyrir hið opinbera og einkaaðila á sviði grunnvirkja, flutninga og vöruferilsstjórnunar til að auðvelda fólki að fara yfir landamæri, einkum frá Rússlandi til Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins, til að sækja vinnu, menntun og samskipti við önnur menningarsamfélög, en jafnframt að finna leiðir til að koma í veg fyrir að ólöglega sé staðið að ferðum yfir landamæri með ýmsum hætti (m.a. mansali, smygli og ólöglegum innflutningi fólks). Á sviði dóms- og innanríkismála mun þetta krefjast samþættara landamæraeftirlits og betra fyrirkomulags varðandi vegabréfsáritanir. Meiri áhersla skal lögð á að stuðla að námsmannaskiptum með gagnkvæmri viðurkenningu á gráðum og prófum og með fleiri tungumálanámskeiðum. Einnig skal hvetja til verkefna og aðgerða innan hinnar norðlægu víddar sem stuðla að auknum samskiptum milli æskufólks, kvennahópa og frumbyggja.

4.3. Meira samstarf varðandi orku- og öryggismál

4.3.1. Stækkun Evrópusambandsins og alþjóðleg þróun í orkumálum undirstrika mikilvægi aukins samstarfs í Norður-Evrópu á sviði orkumála. Ráðgjafarnefnd EES hvetur til að samvinna á svæðinu og umræður Evrópusambandsins og Rússlands um orkumál verði samræmdar til að bæta orkuöryggi og orkuframboð. Nefndin mælir einnig með því að samstarf innan hinnar norðlægu víddar á sviði orkumála falli undir nýja stefnu um hina norðlægu vídd með áherslu á sjálfbæra þróun þeirra náttúrlegu auðlinda sem þar eru, orkunýtingu og endurnýjanlegar orkuauðlindir og öryggi í orkuflutningum.

4.3.2. Hin norðlæga vídd, sem er rík af orkuauðlindum, er ekki einungis þýðingarmikil fyrir löndin á svæðinu sjálfu heldur hefur hún umtalsverð áhrif á Evrópu í heild þar sem hin norðlæga vídd hefur hugsanlega þýðingarmiklu hlutverki að gegna í framtíðinni við að tryggja dreifingu á olfu og gasi til Evrópusambandsins er eðlilegt að hún nái athygli breiðari hóps landa en þeirra sem hingað til hafa tekið þátt í samstarfi í tengslum við stefnu um hina norðlægu vídd. Aukin áhersla á Norður-Evrópu í hinni nýju stefnu Evrópu í orkumálum ætti að verða til þess að ný stefna um hina norðlægu vídd veki meiri athygli. Athygli skal vakin á því að framkvæmdastjórnin nefnir sérstaklega í nýju grænbókinni um orkumál ⁽³⁾ að Rússland og Noregur séu mikilvægir samstarfsaðilar í hugsanlegri nýrri, samræmdri stefnu í orkumálum gagnvart öðrum ríkjum.

4.3.3. Hin norðlæga vídd er þýðingarmikill liður í að koma á jafnvægi í þróun orkugrunnvirkja í Evrópu. Þörf er á umtalsverðum fjárfestingum á svæði hinnar norðlægu víddar til að tryggja nægilegar orkubirgðir í framtíðinni, bæði hvað varðar grunnvirki fyrir orkuflutninga og nýtingu jarðgasauðlinda á svæðinu. Meiri fjárfestingar leiða til hagvaxtar, m.a. aukinnar atvinnu og einnig aukinnar starfsemi í atvinnugreinum sem ekki tengjast beint nýtingu auðlinda hafsins. Þessi þróun er kærkomin á svæði þar sem samdráttur hefur orðið í mörgum atvinnugreinum á síðustu árum. Mikilvægt er þó að þessi jákvæði vöxtur og einkum nýtingin á hinum miklu jarðgasauðlindum byggist á sjálfbærri þróun, bestu umhverfisstöðlum og virðingu fyrir óskum frumbyggjana.

⁽³⁾ Grænbók framkvæmdastjórnarinnar um „A European Strategy for Sustainable, Competitive and Secure Energy“, 8. mars 2006

4.3.4. Þörf er á samræmdu kerfi um eftirlit með sjávarvistkerfinu í norðri og það ætti að vera liður í samstarfi landa innan hinnar norðlægu víddar. Mikilvægt er að nýting jarðgasauðlinda haldist í hendur við lífvænlegan fiskiðnað og heilbriggt sjávarumhverfi.

Tryggja þarf öryggi í sjóflutningum á olíu og jarðgasi eins vel og hægt er á svæði hinnar norðlægu víddar, og verður enn nauðsynlegra með auknum flutningum á fljótandi jarðgasi í framtíðinni. Fagna ber, í þessu samhengi, tillögu norsku ríkisstjórnarinnar frá 31. mars 2006 um nýtt og samræmdara kerfi til að fylgjast með sjávarvistkerfinu í norðri.

4.3.5. Ráðgjafarnefnd EES leggur einnig áherslu á að vandlegur gaumur sé gefinn að orkuflutningum sem færast stöðugt í aukana á Eystrasalti og Finnlandsflóa. Fjalla skal um mál sem tengjast fyrirkomulagi, öryggis- og umhverfisþáttum í tengslum við samvinnu innan ramma hinnar norðlægu víddar.

4.4. Að efla borgaralegt samfélag, sameiginleg lýðræðisleg gildi, mannréttindi og opin skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins: að bæta upplýsingaflæði og stuðla að því að koma upp netkerfum

4.4.1. Árangursrík samvinna milli aðila hinnar norðlægu víddar krefst þess að sameiginleg gildi séu á öllu svæðinu. Lýðræðisleg fjölhyggja, virkt borgaralegt samfélag, opin skoðanaskipti aðila vinnumarkaðarins og starfhæfur markaðsbúskapur eru nauðsynlegir þættir sem bæta hver annan upp. Gera þarf átak í að þróa og efla þessa þætti í Rússlandi sérstaklega; svæðisbundið samstarf innan hinnar norðlægu víddar gæti verið hentugur rammi fyrir aðgerðir og verkefni í þeim tilgangi þar sem Rússland er virkur samstarfsaðili í hinni norðlægu vídd.

4.4.2. Aðilar að EES-ráðinu ættu að hvetja rússnesku ríkisstjórnina og yfirvöld til að taka jákvæða afstöðu til þess að mynda uppbyggileg tengsl við borgarasamtök. Greiða ætti fyrir tækifærum til þjálfunar og fyrir starfsnema til að efla starfsgetu og það ætti að gera auðveldara um vik að byggja upp traustan grunn fyrir uppbyggileg skoðanaskipti milli fulltrúa borgarasamtaka og yfirvalda. Nauðsynlegt er að borgaralegt samfélag taki þátt í þessum breytingum. Meginreglan að því er varðar „sameiginlega hlutdeild“ ætti ekki einungis að gilda um ríkin í hinni norðlægu vídd heldur um alla hagsmunaaðila hennar, að meðtöldum héraðsstjórnnum og sveitarstjórnnum, aðilum vinnumarkaðarins og borgarasamtökum. Stefnu um hina norðlægu vídd verður aðeins framfylgt á fullnægjandi hátt ef allir hagsmunaaðilar taka kerfisbundið þátt í ferlinu og með því að efla sérstök, markviss framtaksverkefni og ráðstafanir.

4.4.3. Þróun opinna skoðanaskipta milli aðila vinnumarkaðarins og virk tengsl aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera alls staðar á svæði hinnar norðlægu víddar hafa sérstaka þýðingu fyrir aðila vinnumarkaðarins innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta er þegar komið vel á veg í mörgum löndum og mikilvægt er að þeirri hæfni sem tengist þessu sé miðlað til systurstofnana í þeim löndum þar sem skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins og tengsl þeirra og hins opinbera eru ekki jafnþróuð. Stefnan um hina norðlægu vídd ætti að vera grundvöllur við hæfi til að hrinda af stað verkefnum yfir landamæri þar sem hægt er að koma á beinu sambandi og þjálfun milli stofnana að því tilskildu að nauðsynlegt fjármagn sé tiltækt fyrir slík verkefni. Ef þróun á svæði hinnar norðlægu víddar á að vera jákvæð þarf vel starfhæfa vinnumarkaði sem byggjast á jafnvægi milli sanngjarnrar samkeppni fyrir fyrirtæki og góðra vinnuskilyrða fyrir starfsmenn. Það ætti að vera hlutverk aðila vinnumarkaðarins í hverju landi innan hinnar norðlægu víddar að tryggja að í framtaksverkefnum og löggjöf sem miða að efnahagslegum og félagslegum breytingum sé tekið tillit til hagsmuna þeirra á jafnvægisgrundvelli. Ef þetta á að verða að veruleika, þarf að viðurkenna aðila vinnumarkaðarins formlega sem fullgilda samstarfsaðila í öllum umræðum um málefni vinnumarkaðarins.

4.4.4. Í öllum löndum, bæði þeim sem eru aðilar að Evrópusambandinu og þeim sem eru utan þess, er mjög lítið vitað um stefnuna um hina norðlægu vídd. Með tilliti til aðgerða á Evrópuvísu er því

mikilvægt að framkvæmdastjórnin þrói frekar og kynni upplýsingakerfi fyrir hina norðlægu vídd⁽⁴⁾. Þetta gæti gert stefnuna almennt sýnilegri, greitt enn frekar fyrir auknum samskiptum hagsmunaaðila og aukið þátttöku í verkefnum hinnar norðlægu víddar. Auk þess leggur ráðgjafarnefnd EES til að viðeigandi skrifstofa verði opnuð á ný og skuli hún bera ábyrgð á upplýsingaflæði og samræmingu neta og tengsla; til greina kemur að þetta verði skrifstofa framkvæmdstjórnar Evrópubandalaganna í Pétursborg. Einnig er mikilvægt að hagsmunaaðilar á staðnum, til dæmis héraðsstjórnir og sveitarstjórnir, borgarasamtök og aðilar vinnumarkaðarins, taki þátt í að miðla upplýsingum um stefnuna um hina norðlægu vídd og að nauðsynlegu fjármagni sé veitt í verkefnið.

V SKÝRARA STOFNANAKERFI FYRIR SAMSTARF, SAMRÆMINGU OG SAMRÁÐ INNAN HINNAR NORÐLÆGU VÍDDAR

5.1. Koma þarf á fót skilvirkum samráðsvettvangi innan ramma hinnar norðlægu víddar til að gefa borgarasamtökum og samtökum aðila vinnumarkaðarins tækifæri til að hafa áhrif á framkvæmd og eftirlit með stefnu um hina norðlægu vídd með álitinu sínu, tillögum og sérþekkingu.

5.2. Ráðgjafarnefnd EES leggur til að árlegur fundur verði skipulagður, sambærilegur þeim sem í mörg ár hefur verið haldinn í tengslum við samvinnu Evrópu og Miðjarðarhafslanda. Það gæfi viðkomandi samtökum borgara og samtökum aðila vinnumarkaðarins tækifæri til að leggja sitt af mörkum við að leggja mat á og framkvæma nýja stefnumótun innan samstarfsramma hinnar norðlægu víddar, auk þess að hrinda framtaksverkefnum úr vör og koma tillögum til yfirvalda hinnar norðlægu víddar. Reynslan af slíkum skoðanaskiptum milli Evrópuríkja og Miðjarðarhafslanda hefur verið jákvæð og einnig reynslan af samstarfi ráðgjafarnefndar EES. Þetta skyldi því þróa innan ramma hinnar norðlægu víddar. Ein sértæk aðgerð gæti verið að nýta gildandi fyrirkomulag ráðgjafarnefndar EES til að koma á fundum með samtökum borgara og samtökum aðila vinnumarkaðarins í Rússlandi með því að mynda óformlega „ráðgjafarnefnd EES+1“ sem gæti komið saman í tengslum við ráðgjafarnefnd EES til að fjalla um framvinduna í verkefnum og aðgerðum innan hinnar norðlægu víddar.

5.3 Ráðgjafarnefnd EES leggur einnig til að komið verði á fót sameiginlegri fastanefnd hinnar norðlægu víddar sem sér um skýrslugjöf og eftirlit og skuli hún funda reglulega. Nauðsynlegt væri að koma á fót undirráðgjafahópi borgaralegs samfélags og aðila vinnumarkaðarins í tengslum við sameiginlegu fastanefndina, eins og tilgreint er í lok mgr. 3.4.

VI LYKILHLUTVERK FYRIR SVÆÐISBUNÐNAR STOFNANIR

6.1. Ráðgjafarnefnd EES styður þá meginreglu að framkvæmd starfsemi hinnar norðlægu víddar sé aðallega í höndum þeirra stofnana sem sjá um svæðisbundið samstarf innan hennar – Eystrasaltsráðsins, Barentsráðsins, Norðurskautsráðsins og Norrænu ráðherranefndarinnar. Nánari samvinna og samræming milli þessara stofnana er óhjákvæmileg og ætti að tengjast beint stefnunni um hina norðlægu vídd enn betur. Þessi samvinna er mikilvægur þáttur í að skapa öflugri samvirkni milli hinna mismunandi framtaksverkefna og hún er afar þýðingarmikil til að stefnunni um hina norðlægu vídd verði framfylgt þannig að vel takist til. Einnig er þýðingarmikið að koma á vel starfhæfri brú milli svæðisbundnu stofnananna og fyrirhugaðrar sameiginlegrar fastanefndar hinnar norðlægu víddar.

6.2. Þessi rammi fyrir aukna samvinnu og samræmingu mundi veita samtökum borgara og samtökum aðila vinnumarkaðarins betra tækifæri til að taka þátt í samstarfi innan hinnar norðlægu víddar með framlagi sínu gegnum svæðanet (t.d. BASTUN fyrir launþega, BAC fyrir viðskiptasamfélagið og BCCA fyrir verslunarráð) og með þeim tengingum sem þessi net hafa komið á við þær svæðisbundnu stofnanir sem nefndar eru hér á undan.

VII SKÝRARI FJÁRMAGNSKERFI

⁽⁴⁾ Hægt er að nálgast upplýsingakerfi hinnar norðlægu víddar á slóðinni: http://ec.europa.eu/comm/external_relations/north_dim/nis/index.htm

7.1. Forgangssviðin skulu þróuð í formi samstarfsverkefna milli hins opinbera og einkaaðila með skýrt skilgreindum samstarfsaðilum, áætlunum, tímaáætlunum og fjárhagsáætlunum. Jafnvel í því tilviki að fullgilt samstarfsverkefni hefur ekki enn verið þróað skulu samstarfsaðilarnir leitast við, til dæmis árlega, að koma sér saman um markvissar aðgerðir þar sem skýrt er tekið fram hvenær þær skuli koma til framkvæmda og með greinargóðum fjármögnunaryfirlitum.

7.2. Með tilliti til aðgerða sem borgarasamtök og samtök aðila vinnumarkaðarins leggja til er mikilvægt að þessi samtök eigi greiðan aðgang að upplýsingum um fyrirkomulag fjármögnunar og meðferð umsókna um hugsanleg verkefni varðandi hina norðlægu vídd. Einkum er þýðingarmikið að tryggja fjármögnun lítilla verkefna, með einfaldri meðferð umsókna. Einnig er þörf á tæknilegum stuðningi við undirbúning umsókna ásamt skilvirkum aðferðum svo að hægt sé að vinna hratt úr umsóknum og tillögum og samþykkja þær. Fulltrúar borgaralegs samfélags og aðila vinnumarkaðarins skulu koma að því síðarnefnda.

7.3. Helsta fjármögnunarleið fyrir Evrópusambandsins fyrir framangreindar aðgerðir er gegnum evrópska grannríkja- og samstarfssjóðinn. Þegar þeim áætlunum sem fyrir eru hefur verið safnað saman í einn heildarsjóð verður fjármögnun stefnunnar um hina norðlægu vídd vonandi auðveldari og gagnsærri. Mikilvægt er að hæfilegum hluta fjármagns áætlunarinnar sé veitt til aðgerða innan hinnar norðlægu víddar, þar með talið nægilegu fjármagni til stjórnsýslunnar. Einnig er nauðsynlegt að alþjóðlegir fjármögnunarsjóðir og samstarfslöndin styðji áfram aðgerðir hinnar norðlægu víddar yfir landamæri.

7.4. Nefndin hvetur innlendar ríkisstjórnir allra samstarfsaðila í hinni norðlægu vídd til að koma á fót áætlunum og veita hæfilegu fjármagni í starfsemi hinnar norðlægu víddar.
